



Laganefnd L.M.F.Í.

Umsögn um frv. til laga um
rafræna eignarskráningu verðbréfa
(149. mál).

Alþingi
Erindi nr. P 122/300
komudagur 27.11.1997

Reykjavík, 27. nóvember 1997

Stjórn L.M.F.Í. fól laganefnd félagsins að fara yfir og semja umsögn um framangreint frumvarp.

Frumvarpinu er ætlað að tryggja eðlilega þróun í rafrænum samskiptum, í þessu sambandi viðskipti með svokölluð rafræn verðbréf og eignarskráningu á þeim. Eru þetta eðlileg viðbrögð löggjafans við tæknipróun í nútímasamfélagi. Mörg nýmæli í viðskiptum með verðbréf er þar að finna og ýmis ný hugtök, sem mönnum eru almennt ekki töm.

Laganefnd hefur fjallað um frumvarpið, e.t.v. ekki jafn ítarlega eins og þörf er á, en leyfir sér að senda efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftirfarandi athugasemdir:

1. Í 8. gr. frumvarpsins er kveðið á um þagnarskyldu starfsmanna verðbréfamiðstöðvar. Eru endurskoðendur taldir þar meðal starfsmanna. Slíkt er tæplega viðeigandi, enda hafa löggiltir endurskoðendur allt aðra stöðu en starfsmennirnir. Að auki gilda um endurskoðendur sérstök lög, með ákvæðum um þagnarskyldu.

2. Í 3. mgr. 25. gr. er kveðið á um kærufrest vegna ágreinings, sem kann að rísa í tilefni af eignarskráningu, en þar er fresturinn 12 vikur frá því skráning fór fram í verðbréfamiðstöð. Laganefnd bendir á að einhver tími kann að liða frá skráningu og þar til hún kemst til vitundar rérhafa eða annarra, sem hagsmuna hafa að gæta. Gæti því verið eðlilegra að miða við seinna tímamark en skráninguna sjálfa. Þá bendir nefndin á að 3 mánaða frestur er ekki langur. Ef ekkert sérstakt mælir því í mót mætti kærufresturinn vera lengri.

3. Laganefnd telur málshöfðunarfrestinn, sem kveðið er á um í 1. mgr. 27. gr., fjögurra vikna frest, vera allt of skamman. Verður ekki séð að brýn nauðsyn sé á svo stuttum fresti. Þá bendir nefndin á að eðlilegra er að miða upphaf frestsins við þann tíma þegar úrskurðurinn kemst til vitundar málsaðila.

4. Í 35. gr. er kveðið á um vixla sem rafréf. Laganefnd bendir á í þessu sambandi að eitt af formskilyrðum þess að verðbréf teljist vera vixill er að orðið "vixill" komi fyrir í meginmáli skjals, sbr. 1. töluliður 1. gr. vixillaga, nr. 93/1933, sbr. einnig 1. tölulið 75. gr. sömu laga að því er varðar eigin vixla.


5. Óljóst er með hvaða hætti rafbréf verða lögð fram í dómsmáli sem sönnunargögn, t.d. ef höfða þarf mál á hendur skuldara rafbréfs. Er í því sambandi m.a. bent á að skv. 1. mgr. 16. gr. er gert ráð fyrir að réttindi yfir rafbréfum skuli einungis skráð í verðbréfamiðstöð og að óheimilt sé að gefa út viðskiptabréf fyrir skráðum réttindum samkvæmt rafbréfi eða framselja þau.

6. Samkvæmt 28. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir hlutlægri bótaábyrgð verðbréfamiðstöðvar vegna tjóns, sem rakið verður til starfsemi hennar í tengslum við tilkynningar um skráningu o.fl. Laganefnd bendir á að meginreglan í íslenskum skaðabótarétti er almenna sakarreglan, culpareglan. Sérstök, veigamikil rök þurfi fyrir strangari bótaábyrgð en sakarreglan feli í sér. Ekki verður séð af greinargerð með frumvarpinu hvers vegna verðbréfamiðstöðin á að bera hlutlæga bótaábyrgð.

Laganefnd gerir ekki að sinni fleiri athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt

f.h. Laganefndar L.M.F.I.



Marteinn Másson, framkv.stj.